

Stjórnarfundur FASK

25. Fundur 8. Jan 2024 kl 8:30

Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Ágúst Elvarsson, Tinna Rut Sigurðardóttir og Laufey Guðmundsdóttir.

Fundurinn haldinn í húsnæði Glacier Journey - Víkurbraut:

1. Jökulsárlón fyrirhuguð uppbygging.

Haukur kynnti drög að bréfi frá lögmannsstofunni LEX. Stjórn FASK samþykkir fram lögð drög. Hauki falið að óska eftir fundum með Fjármála - og umhverfisráðuneytinu, Þingmönnum Suðurkjördæmis, Formönnum stjórnmalaflokkanna, svæðisráðum VJP, Stjórn VJP og þeim sveitarfélögum sem eiga land að VJP og kynna málstað og sjónarmið FASK um fyrirhugaða uppbyggingu á Jökulsárlóni.

2. Vetrarþjónusta þjóðvegur 1.

Stjórn FASK hefur töluverðar áhyggjur af tíðni bílslysa í desember sl í Austur - Skaftafellssýslu. Yfirlýst markmið stjórnvalda er að efla ferðaþjónustu allt árið. Því fylgir ábyrgð og mikilvægt að tryggja öryggi vega eins og kostur er. Stjórn FASK beinir því til Vegagerðarinnar að yfirfara viðbragðsáætlanir sínar vegna vetrarþjónustu í Austur Skaftafellssýslu m.t.t umferðar, skólaaksturs og mismunandi þjóðerna ökumanna og gera úrbætur til að draga úr líkum á alvarlegum bílslysum. Hauki falið að senda bókun á yfirverkstjóra, umdæmisstjóra og vegamálastjóra Vegagerðarinnar.

3. Önnur mál

Fundi slitið 9:35